



913. fundur stjórnar GSÍ, 30.07.2019 kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Á. Sverrisson, Gunnar K. Gunnarsson Hörður Geirsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Hansína Þorkelsdóttir, Hörður Geirsson, og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð (912) fundar var samþykkt og undirrituð.

2. Stefnumótun GSÍ 2020-27

Fyrstu drög að stefnu frá stýrihóp GSÍ vegna stefnumótununar 2020-27 kynnt stjórn GSÍ sem síðan á að bera á undir formannafund ásamt fjárhagsáætlun miðað við breytta nálgun þann 11. ágúst 2019 á Korpúlfstöðum. Haukur Örn fór í gegnum efnið sem unnið hefur verið fram til þessa af stýrihópi og stjórnarliðar og settu fram sínar athugasemdir. Til stendur að kynna fyrir formönnum golfklúbba fyrstu drög stefnunnar á fundi þann 11. ágúst næstkomandi á formannafundi sem haldin verður í tengslum við Íslandsmótið í högguleik í Grafarholti. Breytingatillögur var safnað saman og verður skjalinu breytt í takt við það áður en það er sent á stjórnarfólk á nýjan leik til yfirlstrar. Skjalið (drög) verða send út á formenn í tíma fyrir formannafundinn til yfirlstrar.

3. Önnur mál

- Evrópumót liða yfirferð um árangur landsliða 2019 fram til þessa á árinu.
- NGU fundur í Danmörku, kynnt verður það helsta af fundinum á næsta fundi.
- Golfmót Stjórnar GSÍ
- Formannabikarinn 2019

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl. 22:35